

Innheimta.

3. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis hefur verið tekin. Eindagi gjalda er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

Gildistaka.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er á grundvelli 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd, öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 29. október 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

*Þórður H. Ólafsson.***AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi á Akureyri.***Fjölbýlishúsalóð við Skessugil.*

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 2. september 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis III frá 8. apríl 1997.

Breytingin felst í því að í stað áformaðs hverfisvallar við enda Skessugils kemur lóð fyrir tvö tveggja hæða fjölbýlishús með samtals 8 íbúðum.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 27. október 2003.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING**um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir „Álverið í Straumsvík“ í Hafnarfirði.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 27. maí 2003 tillögu að deiliskipulagi fyrir „Álverið í Straumsvík“ í Hafnarfirði. Tillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 28. október 2003.

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.